

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

1. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1 Um kWst.-mæli á kr. 39.60 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- A—2 Um kWst.-mæli á kr. 19.50 hverja kWst. auk fastagjalds sem er kr. 121.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 59.40 á ári af hverjum ferm.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

- C—1 Um kWst.-mæli á kr. 19.50 hverja kWst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 11 026.00.
- C—2 Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 19.50 hverja kWst.
- C—3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw:
- a) Um kWst.-mæli á kr. 3.30 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 11 026.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kw.
- b) Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 3.30 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 10 434.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.
- Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.
- C—4 Um afl- og orkumæli:
- a) Af notuðu afl mælt í stundarfjórðung kr. 11 026.00 á kw. á ári.
- b) Af allri notkun kr. 3.30 á hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 121.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 48.40 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 95.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

Án söluskatts frá 1. des. 1973.

- D—1 Um kWst.-mæli á kr. 4.20 hverja kWst.
- D—2 Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 3.06 hverja kWst.
- D—3 Um afl og orkumæli:
Á kr. 3.06 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 2 136.00 hvert kw.

Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4 Um kWst.-mæli á kr. 1.43 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahtunar.

Að vélaafl, spennar, götustrengir og linur þoli álagið að dómi rafveitustjóra. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.

Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

Að húsnæðið fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem Rafveitan kann að selja.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 12.00 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 19.50 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 3.65 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 2.90 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 9.50 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 19.50 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C-E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir.

Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr. 60.00 á mán.
Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 70.00 - —
Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp	— 120.00 - —
Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	— 210.00 - —
Af meitaafismælum 100 amp. og minni	— 190.00 - —
Af mestaafismælum yfir 100 amp.	— 360.00 - —
Af álagsstýriliðum minni gerð	— 205.00 - —
Af álagsstýriliðum stærri gerð	— 360.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafll kva.	Heimtaugargjald kr.
3 × 60	22	46 200.00
3 × 100	38	67 100.00
3 × 200	75 sp.	132 000.00
3 × 350	132	220 000.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlinuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 9 600.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 12 100.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, og til loknuar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduroppnun kr. 1 430.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefir bætt úr því, og greitt kr. 1 430.00 fyrir enduroppnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR, GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalin í gjaldskránni eru söluskattur, viðlaga- og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi sbr. og auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 153 24. febrúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 11. júní 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 20. janúar 1972, um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflytninga í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Fyrsta setning 2. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflytninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 25, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 11. júní 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli freðfisks fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Dorskur:

Ísl. kr. á lb. Cif.

4 × 14 m/r interl.	80.92
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	97.09
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	148.00
5 × 10 og 4 × 13	154.36
4 × 15	157.47
12 × 1	157.47
Blokk	110.90
Blokk 24½	114.73